



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 20. apríl 2026

SFS26020125

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa leikskólastjóra um samanburð á starfsaðstæðum í leikskólum

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 23. febrúar 2026, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa leikskólastjóra:

Óskað er eftir samanburði á starfsaðstæðum í leikskólum í Reykjavík, borgar- og einkarekinna leikskóla, við nágrannasveitafélögin í Mosfellsbæ, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði. Óskað er eftir að skoðað verði: Opnunartími skóla, lokunardagar skóla, fjöldi skipulagsdaga, skráningardagar/vetrarfrí, 2. janúar, jóla- og páskafrí, dvalatímareglur og kjör starfsmanna, þ.m.t. föst yfirvinna og akstur.

Svar:

Í meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir opnunartíma leikskóla, skráningardaga, sumarleyfi, skipulagsdaga, vetrarleyfi, 2. janúar, jóla- og páska- og dvalartímareglur í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi.

Ekki eru fyrirbyggjandi staðfestar upplýsingar um kjör starfsmanna leikskóla í öðrum sveitarfélögum og því ekki birtur samanburður á þeim.



Reykjavík

Sveitarfélag	Opnunartími skóla	Skráningardagar og sumarleyfi	Fjöldi skipulagsdaga	Gjald fyrir skráningardag	Vetrarleyfi	Milli jóla og nýárs	Frí 2. janúar	Dvalartímareglur
Reykjavík	07:30–16:30.	Skráningardagar eru alla daga milli jóla og nýárs, þrjú daga í dymbilviku í aðdraganda páska og alla daga í vetrarleyfum grunnskóla, þrjú á haustönn og tvo á vorönn. Lokað í öllum leikskólum einn dag í vetrarleyfi á vorönn. Lokað er í 20 daga í sumarleyfi.	6 skipulagsdagar.	Skráningardagur í leikskóla kostar 5.000 kr.	Skráningardagar en lokað í vetrarleyfi í öllum leikskólum einn dag á vorönn, 22. febrúar 2027.	Skráningardagar.	Nei.	Leikskólar eru opnir frá 7:30-16:30. Einungis er hægt að hafa barn í dvöl að lámarki 20 klst og hámarki 42,5 klst. á viku.
Kópavogur	07:30–16:30.	Skráningardagar eru milli jóla og nýárs, í dymbilviku og í vetrarleyfi grunnskóla. Á skráningardögum eru 2-5 safnleikskólar opnir fyrir þau börn sem eru skráð. Ekki er gefið upp fyrirfram hvaða leikskólar eru opnir, foreldrar barna sem skráð eru fá upplýsingar í tölvupósti. Lokað er í 20 daga í sumarleyfi.	5 skipulagsdagar.	Ekki er auka kostnaður vegna skráningardaga en þau sem eru í fríi fá frádrátt af leikskólagjöldum.	Skráningardagar.	Skráningardagar.	Nei.	Kópavogur hefur tekið upp sveigjanlegt kerfi með gjaldfrjálsri 6 tíma dvöl og möguleika á mismunandi dvalartíma milli daga. Börn geta verið skrá í 30 klst. í 4 – 5 daga vikunnar.
Garðabær	Mán.–fim: 07:30–16:30. Fös: 07:30–16:00.	Vetrarfrí í febrúar eru skráningardagar og milli jóla og nýárs. Það er lokað í dymbilviku í öllum leikskólum. Það er ekki lokað á sumrin, en öll börn taka samfellt 4 vikna sumarleyfi.	5 skipulagsdagar.	Ekki er auka kostnaður vegna skráningardaga, sami kostnaður og leikskólagjöld	Skráningardagar. Vetrarleyfi er eingöngu í febrúar í heila viku. Fjórir dagar í vetrarfrí og einn skipulagsdagur.	Skráningardagar.	Lokað er fyrsta virka dag í janúar.	Garðabær hefur hámarks- og lágmarksdvalartíma, auk sveigjanlegra skráninga milli daga. Það er dvalartímapak; Hámark 40 klst/viku, lágmark 20 klst/viku (meðaltal yfir 4 vikur).
Hafnarfjörður	07:30–16:30.	Skráningardagar eru 21. desember - 2. janúar, fjórir dagar í vetrarleyfum grunnskóla og þrjú daga í dymbilviku og frá 10. júní til 10. ágúst. Ópið er yfir sumarið en öll börn taka fjögurra vikna sumarleyfi.	5 skipulagsdagar og einn til viðbótar sem skiptist í fjóra skerta daga. Þá opna leikskólar kl. 10.	Engin kostnaður nema fyrir þá sem eru í gjaldfrjálsum leikskóla. Þeir greiða 2.762 kr. fyrir hvern dag.	Skráningardagar.	Skráningardagar.	Skráningardagar.	Hafnarfjörður er með skýrt skilgreindan hefðbundinn opnunartíma og gjaldfrjálsa 6 tíma dvöl með sveigjanleika milli daga.
Mosfellsbær	7:30-16:30. Skrá þarf börn eftir kl. 14:00 á föstudögum þegar stærsti hópur starfsfólks og barna fer heim. Gjaldið er það sama og fyrir aðrar klukkustundir yfir daginn.	Skráningardagar eru þrjú daga kringum jól og áramót, þrjú daga í dymbilviku og fjóra daga í vetrarleyfi grunnskóla. Frá 6. júlí til og með 7. ágúst standa leikskólar Mosfellsbæjar sameiginlega að rekstri Sumarleikskóla - sem staðsettur er í einum skóla bæjarins. Þar koma saman börn og starfsfólk frá öllum leikskólunum. Öll börn taka samfellt fjögurra vikna sumarleyfi. Öll börn taka samfellt 20 daga í sumarleyfi.	5 skipulagsdagar.	Ekki er auka kostnaður vegna skráningardaga, sami kostnaður og leikskólagjöld	Skráningardagar.	Skráningardagar.	Skipulagsdagur fyrsta virka dag á nýju ári.	Stytting vistunartíma á föstudögum: Leikskólatími barna er almennt til kl. 14:00 á föstudögum, nema foreldrar sækja sérstaklega um lengri vistun með 8 daga fyrirvara.
Seltjarnarnes	Mán–fim: 07:45 – 16:30. Fös: 07:45 – 16:00.	Skráningardagar eru milli jóla og nýárs og fyrsta virka dag í janúar. Árið 2026 verður einnig boðið upp á skráningardaga í dymbilviku. Árið 2027 verður lokað í dymbilviku. Lokað er í 20 daga í sumarleyfi.	6 skipulagsdagar.	Skráningardagur í leikskóla kostar 4.000 kr. Verði barn ekki skráð þessa daga fæst 50% afsláttur af mánaðargjaldinu.	Nei og ekki skráningardagar í vetrarleyfum grunnskóla.	Skráningardagar.	Skráningardagar.	Seltjarnarnes er með hefðbundna opnun og skýrt daglegt hámark sem fer eftir aldri barns. Lágmarks- og hámarkstími: 4–8,5 klst á dag, hámark dvöl barna undir 24 mánaða er 8 klst. Hámarksdvöl innan vikunnar eru 40 klst. en dvalartími getur verið breytilegur milli daga. Frá 1. apríl 2026 fæst 30% afsláttur ef barn er ekki með vistun eftir kl 14.00 á föstudögum.